

TKÍ Bikarmót II – Íþróttahúsið að Varmá í Mosfellsbæ

15. – 16. febrúar 2014

- Skráningarfrestur er til kl 23:59 föstudaginn 7. febrúar 2014.
- Afturelding fer með mótstjórn á mótinu
- Þátttökugjald er 3.000,- fyrir keppendur í minior (laugardagur) og 4.000,- fyrir aðra keppendur (sunnudagur). Sama gjald er hvort sem keppt er í bardaga eða formum eða hvoru tveggja.
- Hvert félag greiðir keppnisgjöld fyrir sína iðkendur og skal leggja þau inn á reikning TKÍ, 515-26-50010, kt 500103-2050 og senda kvittun á netfangið tki@tki.is fyrir kl. 23:59 föstudaginn 14. febrúar.
- **Keppendur frá félögum sem ekki ganga frá greiðslu fyrir þann tíma missa keppnisrétt sinn á mótinu.**
- Stefnt er að því að birta flokkaskiptingu og bardagatré að kvöldi þess 11. febrúar á heimasíðu TKÍ, tki@tki.is og á Facebook síðu sambandsins, og athugasemdir þurfa að berast fyrir kl. 20:00 fimmtudaginn 13. febrúar. Eftir þann tíma verður flokkum og bardagatrjám ekki breytt og mæti keppendur ekki til leiks í bardaga teljast þeir hafa tapað honum.
- **Meðfylgjandi er skráningarblað sem hvert félag þarf að fylla út (ef upplýsingar vantar verður viðkomandi keppandi ekki skráður). Skráningarblöðum skal skila inn á netfangið taekwondo@afturelding.is**
- Líkt og áður gildir afmælisárið, þannig að keppendur sem verða 12 ára á árinu mega velja hvor þeir keppa í minior eða cadet, þeir sem verða 15 ára á árinu mega velja á milli cadet og junior, þeir sem verða 18 ára á árinu mega velja á milli junior og senior.
- Fyrirspurnir og athugasemdir skulu sendar á mótstjórn á netfangið taekwondo@afturelding.is

STARFSFÓLK

TKÍ minnr á að félög sem senda lið til keppni eru skyldug að senda ennfremur dómara til að vinna á mótinu. Samhliða skráningu keppenda á mótinu skal skila inn lista með nöfnum starfsmanna og hvaða störf þeir ætla að taka að sér. Fjöldi stöðugilda sem lið skal útvega ræðst af fjölda keppenda sem félagið sendir á mótinu.

Fjöldi keppenda	Hornadómarar (laugardagur og sunnudagur)	Bardagastjórar (laugardagur og sunnudagur)	Hópstjórar (laugardagur)
<5	1	0	0
>5	2	1	1

Eitt stöðugildi telst sem full vinna annan keppnisdaginn, tveir eða fleiri geta skipt á milli sín stöðugildinu. M.ö.o. félag sem útvegar 1 hornadómara þarf að manna hornadómarastöðu allan keppnisdaginn með einum eða fleiri aðilum.

Athugið að fjöldi keppenda miðast við hvorn dag um sig, þannig að félag sem sendir 6 keppendur á laugardegi í bardaga og form þarf að útvega 2 hornadómara, 1 bardagastjóra og 2 hópstjóra. Ef félagið sendir svo inn 12 keppendur í bæði bardaga og form á sunnudegi þarf það útvega 2 hornadómara og 1 bardagastjóra.

Það er á ábyrgð viðkomandi félags að tryggja að stöðugildi sé fullmannað allan keppnisdaginn. Mótstjórn fer þess á leit við félög að þau sendi ekki dómara yngri en 12 ára.

Stefnt er að því að greiða starfsmönnum fyrir hverja unna klukkustund í stöðugildum, þannig að starfsfólk á mótinu fær greitt fyrir sína vinnu, auk þess sem tekið er tillit til vinnuframlags á mótum við úthlutun styrkja frá TKÍ..

Stjórn TKÍ minnr keppendur í landsliðshópi Íslands á að þeir eigi að gefa kost á sér til dómara starfa báða daga mótsins, enda hefur vinnuframlag á mótum áhrif á umfjöllun stjórnarinnar um styrkbeiðnir þeirra í framtíðinni.

LAUGARDAGUR

Keppni hefst kl. **13:00 á laugardeginum 15. febrúar** í flokki minior (keppendur 11 ára og yngri). Keppt verður bæði í bardaga (2 gólf) og formum (1 gólf). Verðlaunaafhending í hverjum flokki fer fram þegar keppni í honum lýkur.

Mótsstjórn ítrekar að keppni byrjar stundvíslega kl. 13:00 og því þurfa keppendur að gæta þess að vera mættir tímanlega svo þeir geti lokið upphitun og komist í keppnisútbúnað áður en röðin kemur að þeim.

Keppendur á laugardegi keppa í 2x1.5 mínútu í bardaga með 15 sekúndna hléi á milli lota.

Keppendur á laugardegi sýna eitt (1) form að eigin vali, þó má einungis velja úr tveimur (2) formum niður frá viðkomandi beltagráðu og fjögur (4) form upp frá henni.

Ekki verður sérstök vigtun í minior flokki, en mótsstjórn mun vigta keppendur á keppnisdegi og færa í réttan flokk reynist uppgefin þyngd við skráningu röng.

ÞYNGDARFLOKKAR Á LAUGARDEGI

<i>Karlaflokkur minior (undir 11 ára)</i>	<i>Kvennaflokkur minior (undir 11 ára)</i>
Að 26 kg	Að 26 kg
26-29 kg	26-29 kg
29-33 kg	29-33 kg
33-37 kg	33-37 kg
37-41 kg	37-41 kg
41-44 kg	41-44 kg
44-47 kg	44-47 kg
Yfir 47 kg	Yfir 47 kg

SUNNUDAGUR

Keppni hefst kl. **10:00 á sunnudeginum 16. febrúar** í flokkum cadet, junior, senior, veteran 30+ (30 ára og eldri) og veteran 40+ (40 ára og eldri). Flokkaskipting verður skv. WTF (sjá að neðan) í bæði bardaga og formum, en mótsstjórn áskilur sér rétt til að sameina fámenna flokka líkt og áður. Skiptingu í A, B og C flokka má sjá hér til hliðar.

Í liðakeppni verður stigagjöf sem hér segir: 7 stig fyrir gull, 5 stig fyrir silfur, og 1 stig fyrir brons. Eitt (1) stig fæst fyrir hvern keppanda sem mætir til keppni og til viðbótar fæst eitt (1) stig fyrir hvern sigur í bardaga.

Verðlaunaafhending á sunnudegi fer fram í lok móts og verða þá einnig valin keppendur mótsins í karla- og kvennaflokkum auk þess að viðurkenning verður veitt til þess liðs sem fékk flest stig.

Vigtun fyrir keppni á sunnudegi fer fram í íþróttahúsinu að Varmá laugardaginn 15. febrúar á milli kl. 10:00 og 13:00. Vigt verður staðfest í upphafi keppnisdags (við innskráningu á keppnissvæðið á sunnudagsmorgni). Falli keppendur á vigt geta þeir fært sig um flokk gegn 3.000,- gjaldi sem greiðist við vigtun á laugardeginum. Þyngd verður svo staðfest í upphafi keppnisdags (við innskráningu á keppnissvæðið á sunnudagsmorgni), og falli menn á vigt þá, munu þeir ekki taka þátt í mótinu og ekki fá endurgreiðslu, hafi þeir greitt aukagjald vegna flutnings á milli flokka á laugardeginum.

Keppnisflokkur	Beltagráða
C flokkur	10. - 5. geup
B flokkur	4. - 1. geup
A flokkur*	Dan/Poom

* Keppendur 18 ára og eldri sem æft hafa 6 sinnum eða oftar með A landsliði Íslands frá 1. september 2013 skulu keppa í A flokki óháð beltagráðu.

Keppendur í C flokki, sýna tvö (2) form að eigin vali, þó má einungis velja úr tveimur (2) formum niður frá viðkomandi beltgráðu og fjögur (4) form upp frá henni. Keppendur sýna bæði formin hvort á fætur öðru, þ.e.a.s. sýna fyrri formið og bíða svo uns dómari gefur merki um að sýna hið síðara.

Dregið verður um tvö (2) form sem keppendur í B og A flokki sýna og verða þau form birt að kvöldi 11. febrúar á heimasíðu TKÍ, tki@tki.is og á Facebook síðu sambandsins. Eingöngu verður keppt í einstaklingsformum.

Keppnisfyrirkomulag í bardaga verður sem hér segir:

- Cadet (12-14 ára) – 3 x 1.5 mínútna lotur með 30 sekúndna hvíld á milli
- Junior (15-17 ára) – 3 x 2.0 mínútna lotur með 30 sekúndna hvíld á milli
- Senior (18-29 ára) – 3 x 2.0 mínútna lotur með 30 sekúndna hvíld á milli
- Veteran (30+ / 40+) – 3 x 1.5 mínútna lotur með 30 sekúndna hvíld á milli

Á sunnudeginum verður sérstakur sýningarflokkur cadet (12-14 ára) þar sem **létt** höfuðspörk verða leyfð. Bardagar í þeim flokki telja **ekki** til stiga í stigakeppni félaga. Ófrávíkanleg skilyrði fyrir skráningu í þessum flokki eru eftirfarandi:

- Keppandi sé með blátt belti (6. geup) eða hærra
EDA
- Hafi tekið þátt í æfingum U&E frá haustönn 2013
- Skili inn skriflegu samþykki forráðamanna fyrir þátttöku í flokknum samhliða skráningu

Keppendum í cadet flokki sem uppfylla ofangreind skilyrði er frjálst að skrá sig til þátttöku í báðum cadet flokkum, þ.e.a.s. þar sem höfuðspörk eru leyfð og þar sem þau eru óheimil.

ÞYNGDARFLOKKAR Á SUNNUDEGI

Karlaflokkur veteran (30+ og 40+)	Karlaflokkur senior (18-29 ára)	Karlaflokkur junior (15-17 ára)	Karlaflokkur cadet (12-14 ára)
Að 54 kg	Að 54 kg	Að 45 kg	Að 33 kg
54-58 kg	54-58 kg	45-48 kg	33-37 kg
58-63 kg	58-63 kg	48-51 kg	37-41 kg
63-68 kg	63-68 kg	51-55 kg	41-45 kg
68-74 kg	68-74 kg	55-59 kg	45-49 kg
74-80 kg	74-80 kg	59-63 kg	49-53 kg
80-87 kg	80-87 kg	63-68 kg	53-57 kg
87-95 kg	Yfir 87 kg	68-73 kg	57-61 kg
Yfir 95 kg		73-78 kg	61-65 kg
		Yfir 78 kg	Yfir 65 kg

Kvennaflokkur veteran (30+ og 40+)	Kvennaflokkur senior (18-29 ára)	Kvennaflokkur junior (15-17 ára)	Kvennaflokkur cadet (12-14 ára)
Að 46 kg	Að 46 kg	Að 42 kg	Að 29 kg
46-49 kg	46-49 kg	42-44 kg	29-33 kg
49-53 kg	49-53 kg	44-46 kg	33-37 kg
53-57 kg	53-57 kg	46-49 kg	37-41 kg
57-62 kg	57-62 kg	49-52 kg	41-44 kg
62-67 kg	62-67 kg	52-55 kg	44-47 kg
67-73 kg	67-73 kg	55-59 kg	47-51 kg
73-80 kg	Yfir 73 kg	59-63 kg	51-55 kg
Yfir 80 kg		63-68 kg	55-59 kg
		Yfir 68 kg	Yfir 59 kg